



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Doctor Atomic

20. febrúar 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Slagverkskonsert: 43'00''

First Essay: 8'00''

Doctor Atomic Symphony: 25'00''

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Doctor Atomic

Tónleikar í Eldborg 20. febrúar 2014 » 19:30

Baldur Brönnimann hljómsveitarstjóri

Colin Currie einleikari

Áskell Másson

Slagverkskonsert (2000)

Moderato

Presto

Lento

Moderato/Allegro

Hlé

Samuel Barber

First Essay for Orchestra, op. 12 (1938)

John Adams

Doctor Atomic Symphony (2007)

Baldur Brönnimann

hljómsveitarstjóri



Baldur Brönnimann fæddist í Sviss. Hann stundaði tónlistarnám í tónlistarháskólunum í Basel og Manchester þar sem hann var síðar ráðinn sem gestakennari í hljómsveitarstjórn. Brönnimann hefur skapað sér orðstír fyrir að vera fjölhæfur og víðsýnn hljómsveitarstjóri með sérstakt dálæti á flóknustu nútímatónverkum. Hann hefur unnið náð með þekktum tónskáldum, meðal annarra John Adams, Kaija Saariaho, Harrison Birtwistle og Thomas Adès. Brönnimann er einnig eftirsóttur stjórnandi hefðbundinna viðfangsefna þekktra hljómsveita og hann deilir kröftum sínum jafnt milli tónleikasala og óperuhúsa víðsvegar um heiminn auk þess að stunda kennslustörf. Hann hóf feril sinn í Ensku þjóðaróperunni árið 2008 þegar hann stjórnaði uppfærslu á óperunni *Lost Highway* eftir Olgu Neuwirth. Meðal verka sem hann hefur síðan þá stjórnað við húsið er óperan *Death of Klinghoffer* eftir John Adams og ópera Ligetis *Le Grand Macabre* en þeirri óperu stjórnaði hann einnig í Teatro Colón í Argentínu og Komische Oper í Berlín. Árið 2011 var Brönnimann skipaður listrænn stjórnandi norska nútímatónlistarhópsins BIT20.

Tónlistin á Íslandi

Baldur Brönnimann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst árið 2003. Næst kom hann árið 2009 og hefur verið árlegur gestur hljómsveitarinnar síðan. Þá hefur Brönnimann stjórnað Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tvígang. Fyrri verkefnið var *Sinfónía Gustavs Mahler sem flutt var á tónleikum í nóvember 2011. Í september 2012 lék ungsveitin síðan Pláneturnar* eftir Gustav Holst undir stjórn Brönnimanns.

Meðal verkefna á yfirstandandi starfsári eru stórtónleikar með hljómsveitinni Philharmonia og kór hennar á þriggja kóra hátíðinni (Three Choirs Festival) í Lundúnum og tónleikauppfærsla á óperunni *Promoteo* eftir Luigi Nono í Teatro Colón í Buenos Aires með London Sinfonietta og argentískri nemendahljómsveit. Með London Sinfonietta flytur hann *Gruppen* eftir Stockhausen í Southbank Centre í Lundúnum og í Vínarborg vídeóóperu Romantellis *Index of Metals* í Theater an der Wien. Nýir eftirtektarverðir gestgjafar Brönnimanns eru filharmóníuhljómsveitirnar í Osló, Helsinki, Kaupmannahöfn og Strassborg, Norska óperan og hljómsveitin Britten Sinfonia en henni stjórnar hann meðal annars í konsertuppfærslu á sjaldheyrðri óperu Harrison Birtwistle *Yan Tan Tethera* í tilefni áttæðisafmælis tónskáldsins.

Colin Currie

einleikari



Tónlistin á Íslandi

Í janúarmánuði 2009 frumflutti Colin Currie ásamt Pedro Carneiro konsertinn *Crossings* eftir Áskel Másson á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói. Stjórnandi á tónleikunum var fyrrum aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar *Rumon Gamba*.

Colin Currie hóf tónlistarnám fimm ára gamall og nam síðar slagverks- og píanóleik við unglingadeild Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow frá 1990–1994. Hann lauk námi frá sama skóla 1998 og lék sem 1. páku- og slagverksleikari bæði með skosku ungmennahljómsveitinni og ungmennahljómsveit Evrópusambandsins. Hugurinn stefndi þó snemma á einleiksferil og kammertónlist. Currie vakti fyrst þjóðarathygli þegar hann vann til gullverðlauna í Shell/LSO keppninni 1992. Hann varð fyrsti slagverksleikarinn til að komast í úrslit tónlistarkeppni BBC „Young Musician of the Year“ árið 1994 og hefur síðan hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir list sína. Í dag er Colin Currie meðal þekktustu og dádustu slagverkseinleikara samtímans. Leikur hans þykir íþróttamannslegur og mótaður af djúpu músíkólsku innsæi og sviðsframkoman heillandi.

Frá unga aldri hefur Currie hvatt ötullega til þess að ný verk væru skrifuð fyrir slagverkshljóðfæri. Hann hefur frumflutt fjölmargar tónsmíðar málsmetandi tónskálda, þeirra á meðal eru Kalevi Aho, Simon Holt, Kurt Schwertsik, Einojuhani Rautavaara, Jennifer Higdon og Alexander Goehr. Nýlega naut hann þess heiðurs að frumflytja nýtt verk Elliots Carter, tvíkonsert sem hann flutti ásamt Pierre-Laurent Aimard en verkið var pöntun frá Fílharmóníuhljómsveitinni í New York, Aldeburgh hátíðinni og Fílharmóníuhljómsveit franska útvarpsins. Meðal næstu verkefna eru konsertar eftir Steve Reich og James McMillan.

Colin Currie er staðarlistamaður Southbank Centre í London. Þar gefst honum tækifæri til að vinna með fulltrúum hinna ýmsu listgreina og taka þátt í nýsköpunar- og fræðslustarfi. Fjölmargar hljóðritanir eru til með leik Curries. Geisladiskur með leik hans í verki Rautavaaras *Incantations* með Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki hlaut verðlaun tónlistartímaritsins *Gramophone* árið 2012 og slagverkskonsert eftir Jennifer Higdon hlaut Grammy verðlaun árið 2010 en þar lék Curry ásamt Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum undir stjórn Marinar Alsop.

Áskell Másson

Slagverkskonsert



Áskell Másson (f. 1953) er í röð fremstu og afkastamestu tónskálda þjóðarinnar. Hann vakti snemma alþjóðlega athygli fyrir frumleika og óvenjulega nálgun í tónsmíðum sínum fyrir slagverk og eru mörg þessara verka skylduverkefni í tónlistarháskólum víða í Evrópu, Japan og Bandaríkjunum. Verk Áskels heyrast reglulega í virtustu tónleikahúsum heims í flutningi nafntogaðra hljóm-sveita, einleikara og stjórnenda. Filharmóníuhljómsveitin í New York, slagverksnillingurinn Dame Evelyn Glennie og hljóm-sveitarstjórinn Esa-Pekka Salonen eru stök dæmi um listamenn sem flutt hafa tónlist hans.

Meðal helstu verka Áskels eru óperan *Klakahöllin*, *Cecilia* óratorían, þrjár sinfóníur og 15 konsertar, hljóm-sveitarverkin *Rún*, *Frón*, *För*, *Októ Nóvember* (samið í minningu langafa Áskels sem hét þessu nafni) og *Hvörf*, kammerhljóm-sveitarverkin *Elja*, *Ymni*, *Maes Howe* og gnægð sóló- og kammerverka fyrir fjölmargar hljóðfærasamsetningar. Þá hefur hann samið kvikmyndatónlist, leikhúsmúsík og tónlist fyrir sjónvarpsþætti.

Hinn virti gagnrýnandi *Hufvudstadsbladet* í Helsinki Mats Liljeroos nefndi Áskel í nýlegri blaðgrein eitt helsta núlifandi tónskáld Norðurlanda.

Um verk sitt segir tónskáldið:

„Árið 1996 fékk ég beiðni um gerð slagverkskonserts. Ég hugsaði með mér að mikið lægi við því ólíklegt væri að slíkt tækifæri byðist öðru sinni. Því ákvað ég að koma við sem flestar hliðar á tjáningarmöguleikum slagverksins í konsertformi. Útkoman varð mjög flókið verk fyrir gífurlegan fjölda hljóðfæra sem ljóst var að yrði þrautin þyngri að framkvæma í flutningi. Því hófst ég handa við að fækka hljóðfærum einleikarans og einfalda raddir, bæði í hljóm-sveit og í einleiksróddinni. Meðan á þessu stóð komu þó nokkrir einleikarar til greina sem frumflytjendur verksins. Árið 2000 þegar lokagerðin var tilbúin treysti sér þó enginn til þess að takast á við verkefnið. Það var ekki fyrr en 1. desember 2011

að konsertinn var loks frumfluttur af Filhamóniusveitinni í Åbo (Turku) í Finnlandi undir stjórn Petris Sakari með Colin Currie sem einleikara. Húsfyllir var og verkinu gífurlega vel tekið.

Slagverkskonsertinn er í fjórum sjálfstæðum og býsna ólíkum þáttum þótt allir byggji þeir á sama tónefni í grunninn. Í fyrsta þætti er einblínt á tréhljóðfærin með marimbu sem aðalhljóðfæri. Annar þáttur er Perpetuum Mobile, eða „stöðug hreyfing“. Hér er um að ræða stöðuga sextánda parta sem einleikarinn þarf að slá með margvíslegum hætti á tvær snerritrommur, bjöllur og symbala og reynir þar töluvert á úlnliði einleikarans. Þriðji þáttur er aðallega skrifaður fyrir víbrafón, en önnur málmhljóðfæri koma þar einnig við sögu. Í fjórða þættinum eru það svo trommurnar sem tala. Í kadensunni, sem einnig er til sem sjálfstætt einleiksverk (*Frum*), hljóma að lokum pólýrytmar (margir ólíkir rytmar í einu) sem hljómsveitin tekur við. Verkið endar síðan á kyrrlátum hljómmum.“



Samuel Barber

First Essay for Orchestra

Bandaríkjamaðurinn Samuel Barber (1910–1981) er eitt af virtustu tónskáldum 20. aldar. Hann ólst upp á menningarheimili og hneigðist ungur til tónlistar. Sex ára gamall hóf hann píanónám og sjö ára samdi hann sína fyrstu tónsmíð. Á fimmtánda ári hóf hann nám við Curtis tónlistarstofnunina í Fíladelfíu þar sem hann lagði stund á píanóleik og tónsmíðar. Á þessum árum hófst tónsköpun hans fyrir alvöru og í Curtis kynntist hann samnemanda sínum Gian Carlo Menotti sem síðar varð lífsförunautur hans.

Barber samdi flest sín þekktustu verk á þrítugsaldri. Hann var 21 árs gamall þegar hans fyrsta hljómsveitarverk, *The School of Scandal*, varð til en Fíladelfíuhljómsveitin frumflutti það tveimur árum síðar. Barber varð fljótt þekktur í tónlistarheiminum og frægir tónlistarmenn frumfluttu verk hans, þeirra á meðal píanóleikarinn Vladimir Horowitz, söngdíván Leontyne Price, píanistinn og tónskáldið Francis Poulenc og barítónsöngvarinn Dietrich Fischer-Dieskau.

Tónlistin á Íslandi

First Essay for Orchestra heyrir nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en fjögur önnur verk Samuels Barber hafa prýtt efnisskrár hljómsveitarinnar. Í maí 1966 stjórnaði Igor Buketoff hljómsveitarverkinu Knoxville, sumarið 1915 og *Adagio* fyrir strengi var flutt fjórum sinnum á árunum 1974 til 1995. Forleikurinn að *The School of Scandal* hljómaði í Háskólabíói árið 1990 og Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari lék fiðlukonsert Barbers í febrúar 2003 undir stjórn Baldurs Brönnimann.

Á tónleikum NBC sinfóníuhljómsveitarinnar 5. nóvember 1938 hljómdu tvö verk Barbers í fyrsta sinn opinberlega, *Adagio fyrir strengi* sem er hljómsveitarútfærsla hans á hæga þætti strengjakvartettsins op. 11, og *Essay* fyrir hljómsveit op. 12. Flutningnum stjórnaði hinn viðfrægi hljómsveitarstjóri Arturo Toscanini. Barber hafði kynnst Toscanini nokkrum árum fyrr og sýndi hinn mikli *maestro* tónskáldinu unga mikinn heiður með því að flytja verk hans. *First Essay for Orchestra* (Barber skrifaði *Second Essay* 1942 og *Third Essay* 1978) er í einum kafla í frjálsu formi. Alvarlegt og hátíðlegt aðalstefið er kynnt af neðri strengjum í upphafi verksins og magnast í styrk, blæbrigðum og hraða með innkomu fleiri hljóðfæra í fyrsta hlutanum sem á einum stað er rofinn með lúðrakalli. Annar hlutinn er eins konar gletta í þrískiptum takti sem minnir á scherzo í sinfóníum Bruckners. Horn og selló minna í tvígang á upphafsstefið sem öll hljómsveitin sameinast síðan í, en trompetar rjúfa með keðjustefi sem fjarlægist áður en strengir og píanó ljúka verkinu.

John Adams

Doctor Atomic Symphony



Doctor Atomic Symphony er hljómsveitarverk sem höfundurinn byggir á atriðum úr óperu sinni *Doctor Atomic* sem frumflutt var í San Francisco 1. október árið 2005. Leikstjórinn Peter Sellars skrifaði handrit óperunnar en hún fjallar um síðustu klukkustundirnar í aðdraganda fyrstu kjarnorkusprengringarinnar á Alamogordo kjarnorkutilraunarsvæðinu í Nýju Mexíkó í júlí 1945. Aðalpersóna óperunnar er Robert Oppenheimer sem nefndur hefur verið faðir kjarnorkusprengrunnar. Í símfóníunni notar Adams forleik óperunnar, „skelfingar“ tónlistina úr 2. þætti, hluta 1. þáttar sem fjallar um hernaðarleg málefni en verkið nær hámarki í hljómsveitargerð á aríu Oppenheimers „Batter My Heart“ sem er lokaatriði 1. þáttar. Texti aríunnar er 14. helgisonnetta enska skáldsins Johns Donne (1572–1631).

Tónskáldið, hljómsveitarstjórinn og hugsuðurinn John Coolidge Adams (f. 1947) er fæddur og uppalinn á Nýja Englandi. Hann lærði að leika á klarínettu hjá föður sínum og lék í lúðrasveitum og öðrum áhugamannahljómsveitum á mótunarárum sínum. Fyrsta tónverkið samdi hann tíu ára gamall og fyrstu hljómsveitarverk hans hljómuðu opinberlega þegar hann var enn á unglingsaldri. Nám hans við Harvard háskólann og regluleg tónleikasókn hjá Boston símfóníuhljómsveitinni áttu þátt í að móta hann sem listamann og hugsuð. Eftir námið í Harvard fluttist Adams til Kaliforníu og hefur búið þar síðan. John Adams er í hópi þekktustu samtímatónskálda Bandaríkjanna. Tónmál símfónískra verka hans og óperutónsmíða, sem oftast eru byggðar á raunsonnum sögulegum grunni, er einstakt, litríkt og tjáningarþrungið. Verkalistinn er langur en meðal þekktustu verka hans eru *Short Ride in a Fast Machine* sem Símfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt nokkrum sinnum og *On the Transmigration of Souls*, kórverk sem Adams samdi í minningu fórnarlamba hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 en fyrir það fékk hann Pulitzer verðlaunin árið 2003.

Sigurður Ingvi Snorrason

**Batter my heart, three-person'd God
(Holy Sonnet XIV)**

Batter my heart, three-person'd God; for you
As yet but knock; breathe, shine, and seek to mend;
That I may rise, and stand, o'erthrow me, and bend
Your force, to break, blow, burn, and make me new.
I, like an usurp'd town, to another due,
Labour to admit you, but O, to no end.
Reason, your viceroy in me, me should defend,
But is captived, and proves weak or untrue.
Yet dearly I love you, and would be loved fain,
But am betroth'd unto your enemy;
Divorce me, untie, or break that knot again,
Take me to you, imprison me, for I,
Except you enthrall me, never shall be free,
Nor ever chaste, except you ravish me.

John Donne

**Hamraðu á hjarta mér, þríeini Guð
(Heilög sonnetta XIV)**

Hamraðu á hjarta mér, þríeini Guð; því að enn
hefur þú aðeins knúið dyra, andað, ljómað, bætt;
kollvarpa mér, svo ég megi rísa og standa, og lát
afl þitt brjóta, næða, brenna og gjöra mig nýjan.
Ég, eins og hernumin borg, eignuð öðrum,
strita við að veita þér aðgang, en til einskis,
skynsemin, landstjóri þinn í mér, ætti að verja mig,
en er í haldi, og reynist máttvana og ótrú.
Þó elska ég þig ákaft, og væri feginn elskaður,
en ég er heitbundinn óvini þínum:
veit mér skilnað, leystu eða rjúfðu aftur þann hnút,
taktu mig til þín, varpa mér í dýflissu, því að ég
verð aldrei frjáls nema þú hneppir mig í þrældóm,
né skírlífur nema þú takir mig með valdi.

Þýðing Reynir Axelsson

Hljómsveit á tónleikum

20. febrúar 2014

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Mark Reedman
Sigriður Hrafnkelsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Melkorka Ólafsdóttir
Hafdís Vigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elisabet Waage

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Arna Kristín Einarisdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsstjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Midori leikur Mendelssohn

Fim. 6. mars » 19:30

Fös. 7. mars » 19:30

www.sinfonia.is

Oliver Kentish Gláðsheimr
Felix Mendelssohn
Fiðlukonsert í e-moll
Pjotr Tsjajkovskij Sinfónía nr. 4

Japanski fiðlusnillingurinn Midori leikur fiðlukonsertinn eilífa eftir Mendelssohn. Allt frá 6 ára aldri hefur þessi magnaði tónlistarmaður vakið aðdáun og komið fram með virtustu sínfóníuhljómsveitum heims.

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Midori einleikari



Aðalstyrktaraðili:

